

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1197 Ásmundarnes	Hellnafell 6 350 Grundarfjörður	Víðir Björnsson Stöðvarstjóri			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Eftirfylgniskoðun	12.1.2024	15.1.2024	8,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 11 skoðunatriða af 11. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 7 skoðunatriðum, þar af 2 Alvarleg frávik og 5 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
5.1.6 Innri úttektir - sannpröfun (rekstarleyfi>20.tonn)	2.1.2 Framleiðsluskýrsla
6.1.1 Mat á úrbótum	4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni
	4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk
	5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstarleyfi>20.tonn)
	5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Mikið er af allskonar dóti er á svæðinu og fóður geymt á sápubrúsum inn í kerjarýminu það er gámur á svæðinu sem á að notast sem fóðurgeymsla en það er engin hurð á honum. Hreinlæti er mjög ábótavant í stöðinni og umgengnis reglum er í engu fylgt eftir af starfsfólki og þarf að taka þetta föstum tókum. Hrognaskápar eru inn í sama sal og kerin og er hálf óskiljanlegt að það sé búið að taka skilrúmið sem var á milli í burtu. Mælst er til þess að það verði sett upp skilrúm aftur til að aðskilja klakið frá kerjunum til að hægt sé að tryggja hreinlætið þar inni.

Ekki eru til háfar á hvert kar til að fjarlægja dauðfisk úr kerjunum reynt er að sótthreinsa á milli kerja en æskilegast er að það sé búnaður á hverju kari. MJög mikilvægt er að vera ekki að nota búnað á milli kerja í stöðinni. Það er ekki hægt að tryggja að það verði ekki krossmengun með núverandi fyrirkomulagi.

Eftirfylgniskoðun mun fara fram 15/2 2024.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Island.is.

Starfsstöð

Ásmundarnes
Hellnafell 6
350 Grundarfjörður
Staða: Í gildi
Kennitala: 5104160230

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð

Tengiliðir

Gísli Ólafsson	8944076	birtash@simnet.is	Framkvæmdastjóri
Víðir Björnsson	8337890	vidirbj@gmail.com	Stöðvarstjóri

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Frávik

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 05.12.2023

Frávik

Ristar í gólfí eru með ofstórum götum á fyrir fisk af þessar stærð sem þarna er. Fiskur getur auðveldlega dottið niður í þetta. Einnig er stærri fiskur að ná að stökkva upp úr körum og niður á gólf þetta þarf að laga hið snarasta.

19. gr í reglugerð nr. 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis .

Allur búnaður sem notaður er í fiskeldisstöð er í góðu ásigkomulagi og vel við haldið. Viðhald á eldisbúnaði er skráð.

? Öll ker, niðurföll og frárennsli er útbúin með búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr fiskeldisstöð. Ef fiskur sleppur úr eldisstöð þarf búnaðurinn að vera þess eðlis að geta fangað fiskinn og komið í veg fyrir að hann komist lengra upp í vatnssvæði í kringum stöðina.

? Vatnshæð í eldiseiningum er ekki það há að hætta sé á að fiskar hoppi yfir brúnina. Ef grunur er um að fiskeldisstöð uppfylli ekki allar kröfur sem settar eru fram í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit skal skoðunarmaður tilkynna athugasemd til Umhverfisstofnunar.

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

Sett inn: 05.12.2023

Frávik

Búnaður ekki sýndur.

Viðauki IV í reglugerð 540/2020.

Allar fiskeldisstöðvar skulu eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði til að veiða sloppinn fisk ef strok á sér stað.

Framkvæmd veiða: Samkvæmt lögum um fiskeldi er rekstrarleyfishafa skylt að grípa til allra þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru og í hans valdi standa til þess að varna því að strok valdi vistfræðilegu tjóni. Er honum í því skyni m.a. skylt, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu og án tillits til réttar eigenda sjávarjarða í netlögum, að gera allt sem í hans valdi stendur til að slíkur fiskur verði veiddur á svæði innan 200 metra frá stöðinni. Skal hver eldisstöð eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði í því skyni.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

Þetta var ekki til staðar eða lagt fram. Það er ekkert sem sýnir að þetta hafi verið gert.

Viðauki III í reglugerð nr. 540/2020.

Á bara við ef hámarkslífmassi í rekstrarleyfi er yfir 20 tonnum

Verklag er til staðar sem sýnir að rekstrarleyfishafi rýni reglulega og eigi sjaldnar en árlega, þau kerfi og þær verklagsreglur sem settar eru fram í gæðahandbók fiskeldisstöðvar.

- ? Skipa skal sannprófunarhóp og sá aðili sem framkvæmir sannprófunina skal vera óháður þeim þáttum sem verið er að sannprófa hverju sinni.
- ? Sannprófa skal gæðakerfið í heild sinni að lágmarki einu sinni á ári, alltaf eftir slysasleppingu eða önnur alvarleg óhöpp og þegar verulegar breytingar eiga sér stað á rekstri fiskeldisstöðvarinnar.
- ? Útbúa skal gátlista sem inniheldur öll þau atriði sem þarf að sannprófa. Gátlistinn skal að lágmarki innihalda alla kafla gæðahandbókar þar sem merkt er við hvort viðkomandi atriði eru í lagi eða ekki.

Við sannprófun skal fara yfir allar skráningar á innra eftirliti eldisstöðvarinnar í heild sinni og hafa við viðmiðunar eftirfarandi atriði:

- ? Hvort fyrirbyggjandi ráðstöfunum hafi verið framfylgt varðandi:
 - o viðhald á eldisstöðinni,
 - o þjálfun starfsmanna,
 - o verklagsreglur.
- ? Hvort viðbragðsætlunum hafi verið framfylgt.
- ? Hvort eftirlit og úrbætur hafi verið í samræmi við innra eftirlit eldisstöðvar.
- ? Hvort ástæða sé til að breyta þeim viðmiðunum sem notaðar eru.
- ? Hvort fullnægjandi úrbætur hafi verið gerðar á athugasemdum utanaðkomandi eftirlitsaðila.

Úrbætur og skráning: Niðurstöður sannprófunarinnar skulu skráðar og undirritaðar af forsvarsmanni eldisstöðvarinnar. Tímasett úrbótaáætlun skal gerð fyrir þau atriði sem metið var að þyrftu frekari úrbætur.

Þjálfunarskrá ekki lögð fram. Þjálfunarskrá starfsmanna er ekki til á starfstöðinni þó hennar sé getið í gæðahandbók stöðvarinnar.

50. gr. og viðauki III í reglugerð nr. 540/2020.

Á bara við ef hámarkslífmassi í rekstrarleyfi er yfir 20 tonnum

Þjálfunarskrá starfsmanna: Allir starfsmenn skulu fá fullnægjandiþjálfun til að sinna starfi sínu. Halda skal þjálfunarskrá fyrir allastarfsmenn þar sem tilgreint er hvaða þjálfun starfsmaður hefur lokið og íhenni eru tilgreindir þeir verkþættir sem starfsmaður þarf að tileinka sér.

Allir starfsmenn skulu fá þjálfunsem hefur það að markmiði:

- ? Að hindra strok og virkja viðbragðsáætlun ef þaðgerist
- ? Að tryggja velferð eldisdýra

Öllumstarfsmönnum skal kynnt gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins í nýliðakynningu. Meðnýliðaðþjálfun skal tryggt að starfsmaður hafi enn fremur lokið eftirfarandiþjálfun

- ? Varnir gegn stroki; helstu ástæður fyrir strokiog hvernig best er að koma í veg fyrir þær
- ? Meðhöndlun eiturefna þegar það á við

6 - Úrbætur

6.1 - Úrbætur

6.1.1 Mat á úrbótum

Alvarlegt frávik

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og lagfærð frá síðustu skoðun

4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

5.1.4 Viðbragðsáætlanir
(rekstrarleyfi > 20.tonn)

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvíkið það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratriði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-eftriflygniferill (VRF-022) tekur við.

Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Stjórnslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis